



PORSCHE

PORSCHE SALES & MARKETPLACE GmbH

Almennir skilmálar

fyrir My Porsche vefsíðu og Porsche markaðstorg (þar með Porsche Connect verslun) einnig gilda skilmálarnir fyrir Porsche Connect þjónustur sem og Porsche Sala & Marketplace vörur.
(hér eftir nefndir skilmálarnir)

1. Gildissvið og skilgreiningar

- 1.1.** Porsche Sales & Marketplace GmbH (áður Smart Mobility GmbH), Porscheplatz 1, DE-70435 Stuttgart (hér eftir **PSM**) starfrækir á heimasíðunni www.porsche.com
- (i) My Porsche vefsíðuna og
 - (ii) ýmsa kosti á netmarkaði (hér eftir nefnt **markaðstorg**) fyrir (i) sölu á Porsche ökutækjum, varahlutum og öðrum vörum tengdum og ótengdum ökutækjum (hér eftir **vörur**) og (ii) miðlun á þjónustu tengdri og ótengdri ökutækjum (hér eftir **þjónusta**).

- 1.2. Notandi** á My Porsche Portal og markaðstorginu skal vera, eins og skilgreint er hér að neðan, (i) Viðskiptavinur eða (ii) Seljandi.

- 1.3. Viðskiptavinur** skal vera (i) neytandi skv. 13. gr. þýskra almennra laga (*Bürgerliches Gesetzbuch*, "**BGB**") eða (ii) kaupmaður, lögaðili eða sjóður (*Sondervermögen*), samkvæmt þýskum lögum, sem að kaupir vörur og/eða þjónustu.

1.4. Seljandi skal vera

- (i) Porsche Sales & Marketplace eða
- (ii) þriðji aðili sem selur vörur Porsche (önnur dótturfélög Porsche geta fallið hér undir) (hér eftir **þriðji söluaðili**), sem veitir viðskiptavinum þeirra eigið markaðstorg þar sem seldar eru vörur og/eða þjónusta Porsche.

1.5. Þessir skilmálar eiga við um

- (i) notkun viðskiptavinar á My Porsche vefsíðunni og markaðstorginu sbr. 2. gr. og
- (ii) sölu í gegnum Porsche Connect verslunina sbr. 3. gr. Þessir skilmálar eiga einnig við um öll viðskipti viðskiptavinar í framtíðinni. Skilmálar viðskiptavinar þar sem ákvæði eru í andstöðu við skilmála Porsche eða eru misvisandi eða setja viðbótarskilyrði eru undanskildir samningssamband við viðskiptavininn, jafnvel þó að PSM hafi ekki sérstaklega mótmælt slíkum skilmálum.

2. Skilyrði fyrir notkun á My Porsche vefsíðunni og markaðstorgi fyrir viðskiptavini.

2.1. Samningur fyrir Porsche auðkenni og notkun þess á My Porsche vefsíðunni

- 2.1.1. Til þess að hefja notkun á My Porsche vefsíðunni er nauðsynlegt að gera samning milli viðskiptavinar og PSM varðandi auðkenni viðskiptavinarins (hér eftir nefndur **auðkennissamningur Porsche** eða **auðkennissamningurinn**). Auðkennissamningurinn er gerður (a) í tengslum við kaup á ökutæki, þá eru þessir skilmálar meðfylgjandi

kaupsamningi um ökutækið, (b) með samþykki í gegnum skráningu á My Porsche vefsíðunni eða (c) með samþykki þegar bókun á einni eða fleiri Porsche Connect þjónustu í Porsche Connect versluninni sbr. 3. gr. Skilmálar þessir gilda þá sem rammamningur um notkun eða þjónustu.

- 2.1.2. Auðkennissamningur Porsche leggur einn og sér kaupskyldu eða greiðsluskyldu á viðskiptavininn (þ.e.a.s. ef hvorki er verið að kaupa vörur né þjónustu).

- 2.1.3. Inntak auðkennissamnings Porsche skal ráðast af þessum skilmálum. Nýjasta útgáfa skilmálanna á við um auðkennissamninginn þegar hann er gerður. PSM má gera breytingu á þessum skilmálum ef lögmætar ástæður séu fyrir hendi, t.d. vegna laga eða reglugerðar eða af öryggisástæðum. Ef PSM breytir skilmálum þessum eftir að auðkennissamningur hefur verið gerður verða breytingarnar bindandi eftir samþykki viðskiptavinarins.

- 2.1.4. Viðskiptavini ber skylda til þess að (i) veita nákvæmar og réttar upplýsingar varðandi sjálfan sig á þeim tíma sem skráningin á My Porsche vefsvæði fer fram og (ii) ef það koma upp breytingar á stöðu aðila þá ber honum að breyta upplýsingunum inn á My Porsche vefsvæðinu án tafar ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að framkvæða auðkennissamninginn. Slíkar upplýsingar eru sérstaklega merktar þegar þeirra er krafist á My Porsche vefsíðunni eða á markaðstorgi.

2.2. Flutningur eða uppsögn á auðkennissamningi Porsche.

- 2.2.1. Óheimilt er að flytja auðkennissamning milli Porsche og viðskiptavinar til þriðja aðila án samþykkis PSM.

- 2.2.2. Viðskiptavinur og PSM geta sagt upp auðkennissamningi í heild sinni hvenær sem er. PSM er einnig heimilt að útiloka einstaka viðskiptavini frá My Porsche vefsíðunni og markaðstorgi. Uppsögnin á auðkennissamningnum skal ekki hafa áhrif á einstaka samninga varðandi vöru eða þjónustu milli viðskiptavinarins og seljandans.

- 2.2.3. Uppsögn auðkennissamninga Porsche tekur gildi (i) strax; annars (ii) við lok tímabils ef viðskiptavinurinn kaupir vöru eða þjónustu sem er í eðli sínu tímabundin.

- 2.2.4. Uppsögn auðkennissamninga má vera skrifleg, með tölvupósti eða í gegnum My Porsche vefsvæðið með aðgerðinni „Eyða reikningi“ eða „Delete Account“

- 2.2.5. Réttur til uppsagnar helst óbreyttur þrátt fyrir framangreind ákvæði.

2.3. Notkun á markaðstorgi

- 2.3.1. Viðskiptavinur með Porsche auðkenni mega nota markaðstorg. Viðskiptavinur sem ekki hafa útbúið sérstakan auðkennissamning við PSM mega einnig nota markaðstorgið en þeir þurfa að haka við „Gestapöntun“ eða „Ordering as Guest“.
- 2.3.2. Viðskiptavinur mega ekki nota vörur eða þjónustu Porsche í ólöglegum tilgangi, auk þess mega viðskiptavinur ekki heimila þriðju aðilum að aðhafast með slíkum hætti. Viðskiptavinur er ekki heimilt að nota gögn og upplýsingar sem þeim berast á markaðstorgi í viðskiptalegum tilgangi. Ekki er heimilt að veita þriðja aðila slíkar upplýsingar í viðskiptalegum tilgangi.

2.4. Hlutverk PSM og framkvæmd samninga sem stofnað var til á markaðstorgi

- 2.4.1. PSM er rekstraraðili markaðstorgsins. PSM og þriðji söluaðili geta selt vörur eða veitt þjónustu á markaðstorginu. Á upplýsingasiðu vörunnar er upplýst hver sé seljandi á vörunni.
- 2.4.2. PSM hefur það hlutverk að vera milliliður fyrir viðskipti milli viðskiptavinar og þriðja söluaðila fyrir sölu á vöru eða þjónustu. Allir slíkir samningar verða eingöngu gerðir milli viðskiptavinar og þriðja sölu aðila. PSM starfar ekki fyrir neinn notanda á markaðstorginu, einkum söluaðila. Viðskiptavinur skal forðast að aðhafast eitthvað sem skapar ranga sýn á það með hverjum hann starfar með eða starfar fyrir eða að hann sé að starfa í þágu PSM. PSM skal ekki bera ábyrgð fyrir neinum samningum sem gerðir eru á milli viðskiptavinar og þriðja sölu aðila. PSM hefur ekki stjórn á eða staðfestir ekki þær upplýsingar sem að þriðji söluaðili eða viðskiptavinur veitir. Fyrir alla samninga sem gerðir eru milli viðskiptavinar og þriðja söluaðila skulu þessir skilmálar gilda og einnig þeir skilmálar sem munu taka í gildi í framtíðinni, til dæmis notkunarskilmálar og söluskilmálar sem eru tilgreindir á upplýsingasiðu vörunnar á markaðstorgi.
- 2.4.3. Ef um er að ræða pöntun frá viðskiptavini skal PSM tilkynna þriðja söluaðila og láta honum í té upplýsingar fyrir viðskiptin, t.d. nafn viðskiptavinarins og önnur gögn sem nauðsynleg eru til þess að gera samning og koma honum til framkvæmda.
- 2.4.4. Komi upp ágreiningur vegna samnings um vöru eða þjónustu skal viðskiptavinur og seljandi reyna eftir bestu getu að ná sáttum.

2.5. Ábyrgð PSM á notkun markaðstorgsins og auðkennissamninga

- 2.5.1. PSM ber enga ábyrgð á að þær upplýsingar og gögn sem viðskiptavinur og þriðji söluaðili veita séu nákvæmar og réttar.
- 2.5.2. Sé um einfalt gáleysi að ræða ber PSM aðeins ábyrgð á brotum gegn efnislegum skyldum sínum sem beinlínis leiðir af samningnum (meginskyldum), þ.e. skyldum sem samningurinn leggur á PSM samkvæmt markmiðum og tilgangi sínum og markmiðum sem eru nauðsynleg fyrir framkvæmd samningsins og viðskiptavinur getur í góðri trú reitt sig á varanlega. Þessi ábyrgð er takmörkuð við það tjón sem almennt var fyrirsjáanlegt þegar samningur var gerður.
- 2.5.3. Persónuleg ábyrgð fulltrúa, umboðsmanna og starfsmanna PSM á tjóni sem valdið er af einföldu gáleysi takmarkast einnig eins og lýst er í gr. 2.5.2.
- 2.5.4. Takmörkun ábyrgðar sem lýst er að ofan á ekki við um tjón sem valdið er að stórkostlegu gáleysi eða ásetningi, líkamstjóni sem valdið er með saknæmri háttsemi eða ábyrgð samkvæmt þýskum lögum um skaðsemisábyrgð og í tilfellum þar sem önnur skyldubundin ábyrgð á við. Hún á heldur ekki við að svo miklu leyti sem PSM hefur gengist við

ábyrgð.

- 2.5.5. Viðskiptavinur PSM skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka tjón sitt.

2.6. Hugverkaréttindi

Þrátt fyrir framangreint er viðskiptavinur skyldugur til að virða og brjóta ekki á hugverkaréttindum PSM og annarra viðskiptavina og þriðju aðila, þ.m.t. en ekki takmarkað við höfundarrétt, hönnun, vörumerki og einkaleyfi (hér eftir saman nefnd hugverkaréttindi). Viðskiptavinur skal halda PSM skaðlausu frá öllum kröfum sem aðrir viðskiptavinir eða þriðji aðilar eiga á PSM vegna brota á hugverkaréttindum að því leyti sem viðskipta er ábyrgur fyrir slíku broti. Viðskiptavinurinn greiðir í þeim tilvikum lögfræðikostnað PSM og annan kostnað sem fellur fyrir dómsólum vegna þessa.

PSM skal ekki vera skylt að tileinka sér neitt efni sem snýr að hugverkaréttindum þriðja aðila eða annarra notanda sem sitt eigið.

2.7. Persónuvernd

Við fylgjum persónuverndarstefnu okkar sem hægt er að skoða hvenær sem er á <https://connect-store.porsche.com/is/en/t/privacy>.

2.8. Gagnanotkun

- 2.8.1. Í tengslum við notkun á My Porsche vefsíðu og markaðstorginu, einkum þegar verið er að versla vörur eða þjónustu, er heimilt að safna tilteknum gögnum, sem hugsanlega fela í sér persónuleg gögn. Gögnunum er safnað til þess að gera viðeigandi kaupsamning á vörunni eða þjónustunni. Það gæti eftir atvikum verið nauðsynlegt að safna gögnum um ástands vöru eða jafnvel umhverfisáhrifum svo hægt sé að greina slík gögn.
- 2.8.2. PSM er heimilt að nota gögn eins og tilgreint er í gr. 2.8.1 ef þau eru nafnlaus og (i) í þeim tilgangi að stjórna eða bæta gæði, öryggi vara og þjónustu og (ii) í öðrum viðskiptalegum tilgangi.
- 2.8.3. Í ofangreindum tilgangi er einnig heimil að flytja slík gögn til annarra Porsche aðila eða annarra þriðja aðila sem eru ráðnir af PSM eða öðru félagið Porsche að því marki sem slík gögn eru nafnlaus (sjá gr. 2.8.2).
- 2.8.4. Notkun gagna samkvæmt þessari grein verður að vera í samræmi við lög um persónuvernd. Frekari upplýsingar um persónuvernd má finna á <https://connect-store.porsche.com/is/en/t/privacy>.

2.9. Gildandi lög og lögsaga

- 2.9.1. Að svo miklu leyti sem viðskiptavinurinn er kaupmaður, lögpersónu eða sjóður (*Sondervermögen*) að lögum er Stuttgart, Þýskalandi eina lögsagan sem gildir um samningssamband viðskiptavinarins og PSM.
- 2.9.2. Þýsk lög eiga við um allan ágreining og deilumál vegna eða sem tengjast skyldum samkvæmt samningi þessum, ekki Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vörum milli ríkja (CISG). Þrátt fyrir að þýsk lög eigi við um viðskiptin þá eru njóta þeir viðskiptavinir sem teljast sem neytendur verndar á grundvelli lögboðinna ákvæða í heimaríki sínu. Ofangreint hefur ekki áhrif á skilyrði landslaga, þar sem að viðskiptavinur á heimaríki, sem takmarka heimild til að semja um ríkjandi lög einkum á grundvelli laga um neytendavernd.
- 2.9.3. Upplýsingar varðandi lausn vandamála fyrir viðskiptavini má finna hér: <http://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

2.10. Ýmis ákvæði

- 2.10.1. Viðskiptavinur getur aðeins framselt réttindi sem stafa af samningi við þriðja aðila með skriflegu samþykki PSM. Grein 354 a. þýskra viðskiptalaga (*Handelsgesetzbuch*; "HGB") skal ekki eiga við um hér.
- 2.10.2. Ef ákvæði þessara skilmála eru ógild, að öllu leyti eða að hluta, skulu þau ákvæði sem ekki eru ógild halda gildi sínu og skal gildistími þeirra sem eftir eru vera óbreyttur.

3. Skilyrði fyrir sölu í Porsche Connect versluninni

3.1. Almenn

- 3.1.1. Á markaðstorginu veitir PSM viðskiptavinum Porsche Connect verslunina. Í versluninni veitir PSM (i) þjónustu tengda og ótengda ökutækjum og (ii) möguleika á frekari vörum og þjónustu (hér eftir nefnt PSM vörur).
- 3.1.2. Til viðbótar framangreindum ákvæðum, gildir 3. gr. skilmála þessa um notkun á Porsche Connect verslunina, bókun á Porsche Connect þjónustu auk verslunar og notkunar á PSM vörum sem viðskiptavinur PSM fjárfestir í. Viðskiptavinir PSM skiptast í aðalnotendur, aukantendur og almenna notendur sem skilgreindir eru í gr. 3.2 skilmála þessa. PSM biður upp á úrval af mismunandi þjónustu og vörum. Fyrir slíka auka þjónustu geta viðeigandi notkunarskilmálar átt við.

3.2. Aðalnotendur, aukantendur og almennir notendur

- 3.2.1. **Aðalnotandi** í tengslum við farartæki með Connect-möguleika (þ.e. Porsche-farartæki sem hægt er að nota Porsche Connect þjónustuna) er viðskiptavinur sem er (a) eigandi, (b) umráðamaður farartækisins og/eða (c) meðlimur notendahóps sem er gagnert heimilt að nota Porsche Connect sem aðalnotandi (þá sérstaklega leigjendur eða starfsmenn sem hafa fyrirtækisbíl til umráða). Hvert farartæki með Connect-möguleika hefur nákvæmlega einn aðalnotanda. Aðalnotandi hefur aðgang að öllum eiginleikum Portal verslunarinnar og þeirra Porsche Connect þjónustumöguleika sem hafa verið pantaðir.
- 3.2.2. **Aukantandi** í tengslum við farartæki með Connect-möguleika er viðskiptavinur sem er ekki aðalnotandi en sem aðalnotandi hefur heimilað að vera aukantandi og sem hefur gert Porsche aukennissamning. Umfang aðgengis að Portal verslunarinnar og þeim Porsche Connect þjónustumöguleikum sem pantaðir hafa verið ræðst af umfangi þeirra réttinda sem aðalnotandi og/eða kerfið veitir aukantandanum. Bókun á ökutækjatengdri þjónustu er ekki möguleg þar sem uppsetning hennar er háð þeim réttindum sem aðalnotandinn veitir og bókun og uppsetning sem er óháð Porsche Connect þjónustu og PSM vörum ökutækis er yfirleitt möguleg.

- 3.2.3. **Almennur notandi** er viðskiptavinur PSM sem er hvorki aðalnotandi né aukantandi í tengslum við farartæki með Connect-möguleika. Almennur notandi hefur takmarkað aðgengi að Porsche Connect versluninni. Ekki er hægt að bóka eða stilla Porsche Connect þjónustu sem tengist ökutækjum fyrir þessa notendur en mögulegt er að bóka og setja upp sjálfstæðar Porsche Connect þjónustu og PSM vörur.

3.3. Niðurlag samnings og bindandi tilboð

- 3.3.1. Framsetning á þjónustu Porsche Connect og vörum frá PSM í Porsche Connect versluninni felur ekki í sér bindandi skuldbindingu af hálfu PSM til að gangast undir sölusamning, heldur skal skoðast sem áskorun til viðskiptavina PSM um að gefa skuldbindandi yfirlýsingu um hvort og þá hvaða vörur viðskiptavinir vilja panta frá PSM (*invitatio ad offerendum*). Viðskiptavinur PSM má velja þjónustu Porsche Connect eða vörur frá PSM úr vöruúrvali í Porsche Connect versluninni og safna þeim saman

í svokallaða verslunarkörfu (e. „shopping cart“), t.d. með þar til gerðum „Bæta í körfu“ (e. „Add to cart“) hnappi. Áður en smellt er á hnappinn „Panta með greiðsluskýldu“ (e. „Order with Obligation to Pay“), eða sambærilegan hnapp, er yfirlit yfir alla þá Porsche Connect þjónustu eða PSM vörur sem viðskiptavinur PSM hefur valið, heildargjald þeirra með lögbundnum virðisaukaskatti ásamt tollum, flutningskostnaði og öðrum gjöldum sýnt viðskiptavini PSM til staðfestingar. Á þessu stigi hefur viðskiptavinur PSM færi á því að greina og leiðrétta hvers konar rangar færslur áður en bindandi pöntun er gerð. Áður en bindandi pöntun fer fram eru samnings ákvæði, auk þessara skilmála, gerð aðgengileg viðskiptavini PSM og honum gert mögulegt að vista í afritanlegu formi. Með því að smella á hnappinn „Panta með greiðsluskýldu“, eða annan sambærilegan hnapp, gerir viðskiptavinur PSM bindandi tilboð í þá þjónustu Porsche Connect eða PSM vörur sem færðar voru í verslunarkörfu. Tilboðinu verður ekki skilað og tekið til meðferðar nema að PSM viðskiptavinur samþykkir, og gerir þar með hluta af tilboði sínu, skilmála þessa með því að smella á þar til gerðan hnapp.

- 3.3.2. PSM skal staðfesta móttöku á pöntun viðskiptavina PSM með tölvupósti. Hins vegar er slíkt staðfesting ekki á þessu stigi bindandi samþykki á pöntun viðskiptavinar PSM.
- 3.3.3. Samningurinn skal einungis verða bindandi þegar PSM hefur samþykkt tilboð viðskiptavinar PSM. Samþykki PSM á pöntun verður einungis gerð með skriflegri yfirlýsingu, t.d. með því að senda í tölvupósti staðfestingu þess efnis, með því veita Porsche Connect þjónustu eða með því að PSM afhendi PSM vöru til sendingar og tilkynni viðskiptavini PSM til samræmis við það. Sölusamningurinn skal einungis ráðast af innihaldi samþykkisins og skilmálum þessum. Munnleg samkomulög eða loforð skulu einungis teljast gild ef starfsmaður PSM með fullnægjandi heimild staðfestir þau skriflega.
- 3.3.4. Ef sú Porsche Connect þjónusta sem pöntuð hefur verið af viðskiptavini PSM er ekki hægt af inna af hendi, t.d. vegna þess að viðkomandi vörur eru ekki fyrirleggjandi eða ekki er hægt af veita Porsche Connect þjónustuna, er PSM heimilt að láta það ógert að samþykka pöntun. Í þessu tilfalli kemst enginn samningur á. PSM skal tilkynna viðskiptavini PSM um ofangreint án óeðlilegrar tafar.
- 3.3.5. Samningsskilmálarnir verða vistaðir og varðveittir eftir að samningur kemst á, en verða ekki lengur aðgengilegir viðskiptavini PSM. Viðskiptavinur PSM mun hins vegar fá skilmála þessa, ásamt öllum viðkomandi samningsákvæði, afhenta (með tölvu- eða bréfpósti).

3.4. Bókun á Porsche Connect þjónustu

- 3.4.1. Staka Porsche Connect þjónustu má bóka í Porsche Connect versluninni í samræmi við skilmála þessa og aðra viðkomandi viðbótarskilmála. Af því leyti sem skilmálar þessir rekast á við aðra viðbótarskilmála skulu viðbótarskilmálarnir gilda framfar.
- 3.4.2. Úrvali, lýsingu, gildistíma, verði og greiðsluskilmálum Porsche Connect þjónustunnar eru útlístaðir í Porsche Connect versluninni og kann að vera lýst fremur í viðbótarskilmálum. Aðgengi að Porsche Connect þjónustu tengd ökutækjum ræðst af búnaði í viðkomandi ökutæki.
- 3.4.3. Einungis aðalnotandi ökutækis sem hentar Connect-þjónustunni, þar sem ökutækið hefur sérstaka ökutækjatengingu (e. „Vehicle Link“) við My Porsche Portal (sjá gr. 3.4.4), er heimilt að panta ökutækjatengd Porsche Connect þjónustu. Ökutækjatengd Porsche Connect þjónusta er bundin viðkomandi ökutæki og mögulegt er að ekki sé hægt að færa hana yfir á eða nota í öðru ökutæki sem hentar Connect-þjónustunni. Á þetta við þótt aðalnotandi viðkomandi ökutækis, sem hentar Connect-þjónustunni, er jafnframt aðalnotandi í öðru ökutæki sem hentar Connect-þjónustunni á sama tíma.

3.4.4. Viðskiptavinir PSM mega skoða það í My Porsche Portal hvort, og ef svo þá hvaða, ökutæki sé tengt auðkennissamningi viðkomandi viðskiptavinar PSM (héðan í frá nefnt **ökutækjatanging** (e. „Vehicle Link“)) og fyrir hvaða ökutæki þeir eru skilgreindir sem aðalnotendur eða auknotendur. Ef viðkomandi ökutækjatanging er ekki sýnileg aðalnotanda í My Porsche Portal, má aðalnotandi óska þess í My Porsche Portal eða í gegnum Porsche miðstöð að viðkomandi ökutækjatanging sé sett upp. PSM er heimilt að binda uppsetning á viðkomandi ökutækjatangingu skilyrði um viðeigandi sönnun, og í þeim tilfellum sem um notað ökutæki er að ræða, skilyrði um eyðingu á viðeigandi ökutækjatangingu fyrri aðalnotanda skv. gr. 3.6.1 (i).

3.5. Sala á PSM vörum

3.5.1. Stakar PSM vörur má kaupa í Porsche Connect versluninni í samræmi við skilmála þessa og aðra viðkomandi viðbótarskilmála. Af því leyti sem skilmálar þessir rekast á við aðra viðbótarskilmála skulu viðbótarskilmálarnir gilda framár.

3.5.2. Úrvali, lýsingu, gildistíma (eftir atvikum), verði og greiðslu- og afhendingarskilmálar PSM vörunnar eru útlistaðir í Porsche Connect versluninni og kann að vera lýst fremur í viðbótarskilmálum.

3.5.3. Vinsamlegast athugið að kaup á PSM vöru kunna að vera bundin öðrum og ítarlegri skilmálum. Að því leyti sem svo er munum við sérstaklega tilgreina þá fyrir sölu.

3.6. Sala og/eða varanlegt framsal á ökutæki

3.6.1. Við sölu eða varanlegt framsal á ökutæki sem hentar Connect-þjónustunni til þriðja aðila (héðan í frá nefndur **kaupandi á notuðu ökutæki**) skal aðalnotandi (i) eyða viðkomandi ökutækjatangingu í My Porsche Portal og (ii) tilkynna kaupanda á notuðu ökutæki um alla viðeigandi Porsche Connect þjónustu fyrir viðkomandi ökutæki sem hentar Connect-þjónustunni.

3.6.2. Við sölu eða varanlegt framsal á ökutæki sem hentar Connect-þjónustunni er aðalnotanda heimilt, til viðbótar við uppsögn á réttindum samkvæmt Porsche auðkennasamningi samkvæmt gr. 2.2.2, að segja upp allri Porsche Connect þjónustu sem snertir ökutækið með tveggja vikna fyrirvara fyrir lok almanaks mánaðarins sem tilkynning á sér stað í. Af því leyti sem Porsche Connect þjónustunni er sagt upp fyrir lok gildistíma þess sbr. 1. málslíð, verður viðkomandi greiðslur fyrir þjónustuna ekki endurgreidd (hvorki að fullu né hlutfallslega). Kaupandi á notuðu ökutæki er hins vegar heimilt að hagnýta sér þjónustuna það sem eftir lifir gildistíma, að því gefnu að í gildi sé Porsche auðkennasamningur fyrir hann og hann bókar viðkomandi Porsche Connect þjónustu. Aðalnotanda er heimilt að komast að samkomulagi við kaupanda á notuðu ökutæki hvað varðar hugsanlega þóknun fyrir eftirstöðvar þess verðgildis sem í Porsche Connect þjónustunni felst.

3.7. Gildistími og uppsögn á Porsche Connect þjónustu

3.7.1. Viðskiptavinur PSM (hvað varðar þjónustu ótengdri ökutækjum) eða aðalnotandi (hvað varðar ökutækjatangdri þjónustu) og PSM mega án greiðslu segja upp Porsche Connect þjónustu án lágmarksgildistíma (þ.e. Porsche Connect þjónusta þar sem ekki er samið um lágmarksgildistími; sbr. gr. 3.7.2) með tveggja vikna fyrirvara fyrir lok almanaks mánaðarins sem tilkynning á sér stað í.

3.7.2. Viðskiptavinur PSM (hvað varðar þjónustu ótengdri ökutækjum) eða aðalnotandi (hvað varðar ökutækjatangdri þjónustu) og PSM mega segja upp Porsche Connect þjónustu með föstum gildistíma (þ.e. Porsche Connect þjónusta þar sem samið er um fastan gildistíma með sjálfkrafa framlengingu) með tveggja vikna fyrirvara fyrir lok hins fasta gildistíma, ef gildistími yrði sjálfkrafa framlengdur öðrum kosti.

Skilmálar fyrir notkun viðkomandi Porsche Connect þjónustu kunna að kveða á um afbrigðilegt fyrirkomulag á uppsögn.

3.7.3. Við uppsögn á Porsche auðkennasamningi samkvæmt gr. 2.2 verður Porsche Connect þjónusta samt sem áður innt af hendi gagnvart viðskiptavini PSM, að gættum greinum skilmála þessa, til loka viðkomandi gildistíma eða uppsögn þeirra samkvæmt greinum 3.7.1 til 3.7.2.

3.7.4. Uppsögn samkvæmt gr. 3.6.2, auk greina 3.7.1 til 3.7.2 má gera skriflega, með tölvupósti eða í gegnum Porsche Connect verslunina með aðgerðinni „Eyða sjálfvirkri framlengingu“ (e. „Terminate Automatic Prolongation“)

3.7.5. Framangreind ákvæði hafa ekki áhrif á rétt til riftunar samkvæmt almennum reglum.

3.8. Breytingar á Porsche Connect þjónustu

3.8.1. Porsche Sales & Marketplace kann að breyta Porsche Connect þjónustunni af eftirfarandi gildum ástæðum: (i) Til að bæta aðgang að og notkun á Porsche Connect þjónustunni, þar á meðal til að bæta við nýjum aðgerðum, (ii) ef breytingin er nauðsynleg fyrir Porsche Connect þjónustuna að breyttum lagaskilyrðum, (iii) að laga Porsche Connect þjónustuna að tæknilegum breytingum eða þróun af okkar hálfu eða kerfum sem rekin eru af þriðju aðilum, til að geta veitt PSM viðskiptavininum Porsche Connect þjónustuna, eða (iv) til Porsche Connect þjónustar tækniþróun í kerfisumhverfi notandans.

3.8.2. Allar slíkar breytingar verða gerðar án aukakostnaðar fyrir PSM-viðskiptavininn og PSM-viðskiptavinur verður upplýstur um breytinguna á skýran og skiljanlegan hátt. Ef breyting mun meira en óverulega skerða möguleika PSM viðskiptavinarins til að fá aðgang að viðkomandi Porsche Connect þjónustu eða notagildi hennar mun Porsche Sales & Marketplace upplýsa PSM viðskiptavininn með hæfilegum tíma fyrirvara og í gegnum varanlegan miðil um eiginleika og tíma Breytinguna sem og rétt hans til að segja upp samningi við Porsche Sales & Marketplace um notkun á viðkomandi Porsche Connect þjónustu. Í þessu tilviki á viðskiptavinur PSM rétt á að segja upp samningnum án endurgjalds innan 30 daga frá því að hann fékk fyrrgreindar upplýsingar. Sé breytingin gerð eftir að framangreindar upplýsingar hafa borist skal tími breytinganna koma í stað móttöku framangreindra upplýsinga við útreikning á fyrrgreindu tímabili. Viðskiptavinur PSM getur sagt upp viðkomandi samningi með því að hafa samband við Porsche Sales & Marketplace (Porsche Sales & Marketplace GmbH, Porscheplatz 1, DE-70435 Stuttgart, símanúmer: +49 0800 987 1105 eða +49 711 911 75 500, netfang: smartmobility@de.porsche.com) sendir samsvarandi yfirlýsingu, td með bréfi sem sent er í pósti, tölvupósti eða öðrum tæknilegum valkostum sem okkur eða þriðju aðilar gera aðgengilegar í þessu skyni. Hins vegar getur PSM viðskiptavinur ekki sagt upp viðkomandi samningi samkvæmt þessum kafla ef skerðingin er aðeins óveruleg eða ef hann hefur enn aðgang að eða notað óbreytta Porsche Connect þjónustu án aukakostnaðar.

3.9. Réttur neytenda til að falla frá samningi

Ef viðskiptavinur PSM er neytandi í skilningi 13. kafla BGB á hann rétt á að falla frá samningi innan 14 daga frá því að hann (i) bókaði Porsche Connect þjónustu samkvæmt grein 3.3 og 3.4 og/eða (ii) keypti PSM vörur samkvæmt grein 3.3 og 3.5. Afbrigðilegur réttur til að falla frá samningi kann að gilda fyrir viðskiptavini PSM sem teljast neytendur en í slíkum tilfellum verður nákvæmum upplýsingum um rétt til að falla frá samningi miðlað til viðskiptavinar PSM. Neytendur í skilningi 13. kafla BGB er hvaða einstaklingur sem tekur þátt í lagalega bindandi viðskiptum í tilgangi sem er í meginatriðum ótengdur fagi hans,

atvinnurekstri eða sérhæfingu. Hér fyrir neðan er viðskiptavinum PSM leiðbeint um rétt þeirra til að falla frá samningi:

Leiðbeiningar um að falla frá samningi

Réttur til að falla frá samningi

Þú hefur rétt til að falla frá samningi innan 14 daga frá því að hann er gerður án sérstakrar ástæðu. Tímabil sem hægt er að falla frá samningi á lýkur 14 dögum frá (i) þeim degi sem samningurinn var gerður ef þú verslaðir Porsche Connect þjónustu eða (ii) deginum sem þú eða þriðji aðili í þínu umboði (á ekki við um flutningsaðila) fékk í hendurnar PSM vöru sem þú keyptir eða ef um er að ræða samning sem snýr að mörgum PSM vörum sem þú hefur pantað í einni pöntun og afhentir sérstaklega, frá þeim degi sem þú hefur vöruna í þínum vörslum eða þriðji aðili í þínu umboði (ekki flutningsaðili). Til að nýta réttinn til að falla frá samningi verður þú að tilkynna okkur (Contact Porsche – c/o Porsche Sales & Marketplace GmbH – P.O. Box 41 42, 73744 Ostfildern, Þýskalandi, símanúmer: 800 7693), tölvupóstfang: smartmobility@is.porsche.com um þá ákvörðun þín með ótvíræðri yfirlýsingu (t.d. með bréfi í bréfpósti eða tölvupósti). Þú mátt nota meðfylgjandi fyrirmynd að bréfi um fráfall frá samningi, en það er ekki skylda. Til að falla frá samningi innan tilskilins frests nægir að bréf um fráfall frá samningi sé sent innan frestsins.

Áhrif þess að falla frá samningi

Ef þú fellur frá samningi endurgreiðum við þér allar greiðslur sem við höfum móttakið frá þér, þar með talið sendingarkostnað (að undanskildum aukalegum sendingarkostnaði sem hlotist hefur af því að þú valdir ekki ódýrasta sendingarkostnaðinn með almennri sendingu), án óþarfa tafar og í öllu falli ekki síðar en 14 dögum frá þeim degi er okkur berst tilkynning um að þú hafir nýtt þér rétt þinn til að falla frá samningi. Við munum standa að slíkri endurgreiðslu eftir sama greiðslumáta og þú notaðir til að greiða fyrir þjónustuna upphaflega, nema þú hafir samþykkt annað; í öllu falli fellur enginn kostnaður á þig vegna

Upplýsingar um lok riftunarréttar

Egar um þjónustu er að ræða fellur riftunarrétturinn út fyrir tímenn ef þjónustan hefur verið veitt að fullu og þjónustan er fyrst hafin eftir að PSM viðskiptavinur hefur gefið skýlaust samþykki sitt og jafnframt staðfest vitneskju sína um að hann muni missa uppsagnarrétt sinn ef samningur hefur verið efndur að fullu. Riftunarrétturinn fellur úr gildi og fyrnist þegar um er að ræða samninga í tengslum við stafrænt efni hafi framkvæmd samningsins hafist eftir að viðskiptavinur PSM hefur samþykkt sérstaklega að framkvæmd samningsins hefjist áður en fresturinn til að falla úr gildi og að hann hafi staðfest vitneskju sína um að hann missi rétt til að falla frá samningi með því að veita samþykki sitt við upphaf framkvæmdar samningsins. Þar að auki gilda lögbundnar undantekningar samkvæmt grein 312 g málsgrein. 2 í þýskum lögum.

Til að nýta rétt til að falla frá samningi er þér heimilt, en ekki skylt, að nota neðangreint fyrirmyndar form:

Fyrirmyndarform vegna réttar neytenda til að falla frá samningi

(einungis skal fylla út þetta form og skila því ef þú vilt falla frá samningnum)

- Til Contact Porsche - c/o Porsche Sales & Marketplace GmbH - P.O. Box 41 42, 73744 Ostfildern, Þýskalandi, tölvupóstur: smartmobility@is.porsche.com:
- Undirritaður/Undirrituð (*) tilkynnir/tilkynna hér með að Ég/Við (*) fell/föllum frá kaupsamningi mínum/okkar (*) vegna eftirgreinds varnings (*)/vegna eftirfarandi þjónustu(*),
- Pantað dags(*)/móttakið dags (*),
- Nafn neytenda,

- Heimilisfang neytenda,
- Undirritun neytenda (á einungis við ef form þetta er fyllt út skriflega),
- Dagsetning

(*Eyða eins og við á

3.10. Réttur vegna galla

Lögfest ákvæði varðandi rétt viðskiptavina PSM vegna galla eiga við.

3.11. Ábyrgð PSM vegna sölu í gegnum Porsche Connect verslunarinnar

3.11.1. Sé um einfalt gáleysi að ræða ber PSM aðeins ábyrgð á brotum gegn efnislegum skyldum sínum sem beinlínis leiðir af samningnum (meginskyldum), þ.e. skyldum sem samningurinn leggur á PSM samkvæmt markmiðum og tilgangi sínum og markmiðum sem eru nauðsynleg fyrir framkvæmd samningsins og viðskiptavinur getur í góðri trú reitt sig á varanlega. Þessi ábyrgð er takmörkuð við það tjón sem almennt var fyrirsjáanlegt þegar samningur var gerður.

3.11.2. Persónuleg ábyrgð fulltrúa, umboðsmanna og starfsmanna PSM á tjóni sem valdið er af einföldu gáleysi takmarkast einnig eins og lýst er í gr. 3.11.1.

3.11.3. Takmörkun ábyrgðar sem lýst er að ofan á ekki við um tjón sem valdið er að stórkostlegu gáleysi eða ásetningi, líkamstjóni sem valdið er með saknæmri háttsemi eða ábyrgð samkvæmt þýskum lögum um skaðsemisábyrgð og í tilfellum þar sem önnur skyldubundin ábyrgð á við. Hún á heldur ekki við að svo miklu leyti sem PSM hefur gengist við ábyrgð.

3.11.4. Viðskiptavinur PSM skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka tjón sitt.

3.12. Persónuvernd

Viðskiptavinum PSM er skylt að upplýsa öikumönnum ökutækja með ökutækjatengingu um persónuverndarstefnu Porsche Sales & Marketplace og á þeim möguleika að persónuupplýsingum þeirra sé safnað á meðan notkun á Porsche Connect þjónustu stendur.

Frekari upplýsingar um persónuvernd má finna á <https://connect-store.porsche.com/is/en/t/privacy>.

3.13. Gagnanotkun

3.13.1. Í tengslum við notkun á Porsche Connect versluninni, einkum við kaup á Porsche Connect þjónustu, er heimilt að safna tilteknum gögnum, sem hugsanlega fela í sér persónuleg gögn. Gögnunum er safnað til þess að framkvæma viðeigandi þjónustu. Það gæti eftir atvikum, eftir því hvaða Porsche Connect þjónusta er keypt, verið nauðsynlegt að safna gögnum um ástands vöru eða jafnvel umhverfisáhrifum svo hægt sé að greina slík gögn.

3.13.2. PSM er heimilt að nota gögn eins og tilgreint er í gr. 3.13.1 ef þau eru nafnlaus og (i) í þeim tilgangi að stjórna eða bæta gæði, öryggi Porsche Connect þjónustu og/eða PSM vara og (ii) í öðrum viðskiptalegum tilgangi.

3.13.3. Í ofangreindum tilgangi er einnig heimil að flytja slík gögn til annarra Porsche aðila eða annarra þriðja aðila sem eru ráðnir af PSM eða öðru

félagi Porsche og, að því marki sem slík gögn eru nafnlaus (sjá gr. 3.12.2), til annarra þriðju aðila.

3.13.4. Notkun gagna samkvæmt þessari grein verður að vera í samræmi við lög um persónuvernd. Frekari upplýsingar um persónuvernd má finna á <https://connect-store.porsche.com/is/en/t/privacy>.

3.13.5. Ef viðskiptavinur PSM afturkallar gagnaverndarsambykki sitt eða ef hann mótmælir frekari vinnslu persónuupplýsinga sinna getur Porsche Sales & Marketplace sagt upp samningi um Porsche Connect Þjónustu án uppsagnarfrests ef Porsche Sales & Marketplace, að teknu tilliti til umfangs Ekki er hægt að búast við gagnavinnslunni og, að teknu tilliti til hagsmuna beggja aðila, áframhaldandi samningssambands þar til umsömdum samningslokum eða þar til lögbundinn eða samningsbundinn uppsagnarfrestur rennur út.

3.14. Þjónusta við viðskiptavini

Spurningum, kröfu og kröfum má beina til viðskiptamannþjónustu okkar með

- (i) tölvupósti: smartmobility@is.porsche.com eða
- (ii) bréfpósti: Contact Porsche - c/o Porsche Sales & Marketplace GmbH - P.O. Box 41 42, 73744 Ostfildern, Þýskalandi.

3.15. Viðeigandi lög og varnarþing

3.15.1. Að því leyti sem viðskiptavinir PSM eru kaupmenn, lögaðilar eða sjóðir (*Sondervermögen*), samkvæmt þýskum lögum er Stuttgart í Þýskalandi hið eina varnarþing þar sem bera má upp ágreining sem stafar af samningi milli viðskiptavina PSM og PSM.

3.15.2. Þýsk lög eiga við um allan ágreining og deilumál vegna eða sem tengjast skyldum samkvæmt samningi þessum, ekki Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vörum milli ríkja (CISG).

Þrátt fyrir að þýsk lög eigi við um viðskiptin þá eru njóta þeir viðskiptavinir PSM sem teljast sem neytendur verndar á grundvelli lögboðinna ákvæða í heimaríki sínu. Ofangreint hefur ekki áhrif á skilyrði landslaga, þar sem að viðskiptavinur á heimaríki, sem takmarka heimild til að semja um ríkjandi lög einkum á grundvelli laga um neytendavernd.

3.15.3. Upplýsingar varðandi rafræna úrlausn deiluefna fyrir neytendur, eða vegna annarra hugsanlegra leiða til að leita úrlausnar deiluefna fyrir neytendur, má finna hér [link].

3.16. Niðurlagsákvæði

3.16.1. Viðskiptavinur PSM má einungis framselja réttindi samkvæmt samningssambandi samningsaðila til þriðja aðila með skriflegu leyfi PSM. Grein 354. a. þýsku viðskiptalaganna (þ. *Handelsgesetzbuch*, héðan í frá skammstöfuð „HGB“) skal gilda óháð grein þessari.

3.16.2. Ef ákvæði þessara skilmála eru ógild, að öllu leyti eða að hluta, skulu þau ákvæði sem ekki eru ógild halda gildi sínu og skal gildistími þeirra sem eftir eru vera óbreyttur.

Neytendaupplýsingar samkvæmt þýskum lögum um úrlausn deiluefna fyrir neytendur (þ. *Verbraucherstreitbeilegungsgesetz; VSBG*): PSM GmbH er hvorki viljugt né skytt að taka þátt í nokkurskonar meðferð við úrlausn deiluefna fyrir úrskurðarnefnd neytendamála (þ. *Verbraucherschlichtungsstelle*).

Neytendaupplýsingar samkvæmt Evrópureglugerð nr. 524/2013/EU: Í þeim tilgangi að leysa úr deiluefnum neytenda utan réttar hefur Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stofnað vettvang fyrir rafræna úrlausn deiluefna (e. Online Dispute Resolution (ODR)). ODR vettvanginn má nálgast á <http://ec.europa.eu/consumers/odr/>.



PORSCHE

PORSCHE SALES & MARKETPLACE GmbH

Terms and Conditions

for the use of My Porsche Portal and Porsche's Online Marketplace Functionalities (incl. the Porsche Connect Store) as well as the sale of Porsche Connect Services and Porsche Sales & Marketplace Products (hereafter referred to as **T&C**)

1. Scope and Definitions

1.1. Porsche Sales & Marketplace GmbH (formerly Smart Mobility GmbH), Porscheplatz 1, DE-70435 Stuttgart (hereafter referred to as **Porsche Sales & Marketplace, PSM** or **We**) operates under www.porsche.com

- (i) the My Porsche Portal (hereafter referred to as **My Porsche Portal**) and
- (ii) various online marketplace functionalities (hereafter referred to as **Marketplace**), for the (i) sale of Porsche vehicles, parts, equipment and other vehicle related and vehicle independent products (hereafter referred to as **Products**) and (ii) provision of vehicle related and vehicle independent services (hereafter referred to as **Services**).

1.2. **User** of the My Porsche Portal and the Marketplace may be, as defined below, (i) Customers and (ii) Sellers.

1.3. **Customer** may be a (i) consumer pursuant to Sec. 13 of the German Civil Code (*Bürgerliches Gesetzbuch*, "**BGB**") or (ii) merchant, a legal person under public law or a special asset (*Sondervermögen*) under public law, who purchases Products and/or Services.

1.4. **Seller** may be

- (i) Porsche Sales & Marketplace or
 - (ii) a third party seller (including other Porsche entities) (hereafter referred to as **Third Party Seller**),
- who provides Customers with their own Marketplace store, under which they provide and sell Products and/or Services.

1.5. These T&C apply for

- (i) the use of the My Porsche Portal and the Marketplace pursuant to No. 2 by Customer, and
 - (ii) sales via the Porsche Connect Store pursuant to No. 3
- These T&C shall also apply to all future transactions with Customer. The application of Customer's conflicting, deviating or supplementary terms and conditions shall be excluded, even if Porsche Sales & Marketplace does not expressly object to such terms and conditions.

2. Conditions of Use of the My Porsche Portal and the Marketplace for Customers

2.1. Porsche ID-Contract for the Use of the My Porsche Portal

2.1.1. In order to use the My Porsche Portal the conclusion of a Porsche ID-Contract entered into between Customer and Porsche Sales & Marketplace is necessary. The Porsche ID-Contract is concluded (a) in connection with the vehicle purchase by incorporating these T&C into the separate vehicle purchase agreement, (b) by acceptance through registration on the My Porsche Portal or (c) by acceptance at the time of booking one or several Porsche Connect Services in the Porsche

Connect Store as specified under No. 3 as a framework agreement for the provision, use and booking of Products or Services.

2.1.2. The Porsche ID-Contract alone (that means without any purchasing of any Products or Services) does not impose any purchase obligation and/or payment obligation on Customer.

2.1.3. The content of the Porsche ID-Contract is determined by these T&C, in each case in their most recent version at the time of the conclusion of the respective Porsche ID-Contract. Porsche Sales & Marketplace may amend these T&C for legitimate reasons, in particular for legal, regulatory or security reasons. If Porsche Sales & Marketplace amends these T&C after the conclusion of a Porsche ID-Contract, the changes will be valid as of acceptance by Customer.

